



1.0 Athuga hvort að Citrix Workspace sé uppsett

Citrix Workspace þarf að vera uppsett á vélinni og ræsast sjálfkrafa. Sjá má í kerfisbakka (systray) hvort að það sé í gangi með því að smella á píluna upp og fara með músina yfir bláa Citrix táknið einsog hér er sýnt með rauðu á mynd.



Ath. Ef merkið er svart og það kemur **Citrix Receiver** þegar farið er með músina yfir þarf að uppfæra í Citrix Workspace, sjá lið 1.1.

Einnig má sjá í **“System settings - Apps and features”** hvort að Citrix Workspace sé uppsett.



Ef Citrix Workspace er uppsett og ræst farið þá í lið 2.0 “Opna Vefgátt” annars í lið 1.1

1.1 Uppsetning á Citrix Workspace app

Sækið nýjustu útgáfuna af “**Workspace app for Windows**”, með því að smella á eftirfarandi hlekk: <https://www.citrix.com/downloads/workspace-app/> - afmarkað með rauðum ramma á myndinni hér á eftir.

Mac notendur sækja “**Workspace app for Mac**” - afmarkað með bláum ramma.


Ath. Gæti verið komin nýrri útgáfa en sýnt er hér.

The screenshot shows the Citrix website's download page for the Workspace app. The browser address bar displays 'citrix.com/downloads/workspace-app/'. On the left, there is a 'Find Downloads' sidebar with a search box containing 'Citrix Workspace App' and a search button. Below it is a 'Narrow Results' sidebar with radio buttons for filtering by type: All Types (selected), Other Workspace app Plug-ins (16), Earlier Versions of Workspace app for Windows (14), Earlier Versions of Workspace app for Mac (13), Earlier Versions of Workspace app for Linux (11), Betas and Tech Previews (4), Workspace app for Windows Long Term Service Release (1), and Workspace app for Windows Current Release (1). The main content area shows a list of download links. A red box highlights the 'Workspace app for Windows' section, which includes 'Workspace app for Windows Current Release' and 'Citrix Workspace app 2009 for Windows' (dated Sep 15, 2020 | NEW). A blue box highlights the 'Workspace app for Mac' section, which includes 'Workspace app for Mac' and 'Citrix Workspace app 2008 for Mac' (dated Aug 27, 2020 | NEW). Other links include 'Workspace app for Windows Long Term Service Release', 'Earlier Versions of Workspace app for Windows -LTSR', 'Earlier Versions of Workspace app for Windows', 'Workspace app for Universal Windows Platform', and 'Betas and Tech Previews'.

Setjið Workspace upp og fylgið leiðbeiningum þar um. **Ath.** Ekki á að skilgreina neinn aðgang, setja email eða annað í uppsetningu á Citrix Workspace.


2.0 Opna vefgátt

Opnið **Google Chrome** og farið á heimsíðu Röntgen Domus www.rd.is og skrunið niður síðuna smellið á “Opna vefgátt” eins og sýnt er á myndinni hér á eftir og er afmarkað með rauðu.



Opnunartímar

Allar starfstöðvar okkar eru opnar kl. **8.00 - 16.00** alla virka daga. Sími: **551 9333**

Við erum á Egilsstötu, Dönglabakka og Bildshöfða. Sjá kort hér fyrir neðan.


Ertu á leið í rannsókn?

Tölvusneiðmynd
Segulómun
Röntgen
Ómskoðun
Skyggirannsókn
Ísótóparannsókn


Algengar spurningar

Undirbúningur
bungun
Skuggaefni
Sykursýki
Ofnæmi
Tilvisun fyrir börn
Niðurstöður

Tímamantanir í flestar rannsóknir óþarfar

Hægt er að koma við þegar þér hentar milli kl. 8.00-15.30 fyrir allar almennar röntgen- og tölvusneiðmyndarannsóknir.

Þanta þarf tíma í ómskoðanir og í segulómun.


COVID-19


- Ef einhver grunur er um Covid smit, ekki koma til okkar. Hafðu samband í síma 551-9333.
- Fjarlægðartakmarkanir eru í fullu gildi hjá okkur, hægt er að halda 2 metra fjarlægð á biðstofum okkar.
- Nánari upplýsingar um COVID-19 á vef Landlæknis.

Rafrænar niðurstöður

Allir heilbrigðisstarfsmenn geta fengið aðgang að myndum og rafrænum niðurstöðum rannsókna. Til þess að sækja um aðgang [smelltu hér](#)

Munurinn á vefgátt og vefgátt léttútgáfa má sjá [hér](#).

 Vefgátt léttútgáfa

 **Opna vefgátt**


Mat á kranseðum með Heartflow tækni

Í febrúar 2019 hóf Röntgen Domus samstarf við fyrirtækið Heartflow Inc. í Bandaríkjunum við greiningu á kranseðarannsóknunum.

Með þessari tækni erum við þau einu á Íslandi sem getum nú metið með vissu, (u.b.b. 90%) hvort þörf sé á kranseðjaþræðingu eftir slíka rannsókn.


Hægt er að sjá hvort breytingar á æðaveggjunum hafi marktæk áhrif á blóðflæði til hjartavöðvans og þannig hægt að vita hvort þurfi vikkun á æðinni með hjartaþræðingu.

Þessi tækni hefur reynst leiða til fækkunar á „óþarfa“ kranseðjaþræðingum og öðrum rannsóknum um allt að 60%.




3


Ef þessi gluggi kemur upp smellið þá á “**Detect Receiver**” eins og sýnt er á myndinni hér á eftir og er afmarkað með rauðu.




Skráið inn **notandanafn** (User name) og **aðgangsorð** (Password) sem fengin voru frá Röntgen Domus og smellið á “**Log On**”.




Ef þessi gluggi kemur upp smellið þá á **“Cancel”** eins og sýnt er á myndinni hér á eftir og er afmarkað með rauðu.




Ef þessi gluggi kemur upp hakið þá við **“I agree with the”** og smellið á **“Already installed”** eins og sýnt er á myndinni hér á eftir og er afmarkað með rauðu.




Þegar þessi gluggi birtist smellið þá á “**Ris web**” eins og sýnt er á myndinni hér á eftir og er afmarkað með rauðu.




Þá ætti að hlaðast niður íca skrá. Smellið á píluna og hakið við “**Always open files of this type**” eins og sýnt er á myndinni hér á eftir og er afmarkað með rauðu.



Smellið svo á “**Open**” eins og sýnt er á myndinni hér á eftir og er afmarkað með rauðu.



Þá birtist þessi gluggi og bíðið þar til hann hverfi af sjálfu sér.



Ath. Það á ekki að loka þessum glugga.

Pegar þessi gluggi birtist þá er þetta komið.

Skráið inn **notandanafn** (Notandi:) og **aðgangsorð** (Lykilorð:) sem fengin voru frá Röntgen Domus og smellið á “**Innskráning**”

